

70. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 17. júlí 2006 í Bjarkalundi

Mættir: Friðjón Þórðarson formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Ásgeir Gunnar Jónsson, Magnús A. Sigurðsson, Sigurður Þórólfsson, Þórólfur Halldórsson, Eiríkur Snæbjörnsson og Róbert A. Stefánsson.

Fundarritari: Sigríður E. Elisdóttir.

Vettvangsferð Breiðafjarðarnefndar

Vettvangsferð Breiðafjarðarnefndar um norðurströnd Breiðafjarðar milli Reykjaness í Reykhólahreppi og Vatnsfjarðar í Vesturbyggð. Ferðin hófst kl. 08:00 í Búðardal, þar sem farið var um borð í rútu frá Sveini á Staðarfelli. Ekið var að Stað á Reykjanesi með viðkomu á Skriðulandi í Saurbæ. Í höfninni á Stað var farið um borð í bát Þórðar Jónssonar í Árbæ og Eiríks Snæbjörnssonar á Stað og var Þórður skipstjóri í ferðinni. Siglt var inn Þorskafjörð innundir Grenitrésnes á Hallsteinsnesi, fyrir mynni Djúpafjarðar og Gufufjarðar, út fyrir Skálanes og áfram vestur yfir Kollafjörð, fyrir Bæjarnes og Kvígindisfjörð og áfram fyrir Svínanes og inn Skálfarmfjörð innundir Selsker og þaðan út með Urðarhlíð og að Haugsnesi á Skálmarnesi þar sem Kristján Ebenezerðsson frá Stað ferjaði hópinn í land þar sem rútan beið hópsins. Að Skálmarnesmúla sýndi Finnboji Jónsson hópnum kirkjuna að Múla. Frá Múla var ekið að Firði á Skálmarnesi og þaðan vestur í Flókalund í Vatnsfirði. Loks var ekið til baka frá Flókalundi sem leið lá um Vestfjarðaveg, komið við í Djúpadal þar sem Jenný Leifsdóttir sýndi hópnum sundlaugina, og hringnum lokað í Bjarkalundi kl. 20:00.

Leiðsögumenn í vettvangsferðinni voru Eiríkur Snæbjörnsson og Þórólfur Halldórsson.

Fundur settur í Bjarkalundi kl. 20:00.

DAGSKRÁ FUNDARINS

Fundargerð 69. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin var samþykkt.

Saga Breiðafjarðar - áfangaskýrsla

Lögð var fram til kynningar áfangaskýrsla Sverris Jakobssonar um skráningu á sögu Breiðafjarðar, dagsett 4. júlí 2006.

Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð

Róbert sagði að vinna við verndaráætlunina hafi tafist vegna aðkomu Náttúrustofu Vesturlands að forgangsverkefni á vegum umhverfisráðuneytisins. Hann sagðist þó stefna að því að halda áfram vinnu við verndaráætlunina á næstunni.

Afgreiðsla: Nefndarmenn sýndu því skilning að vinna við verndaráætluna hafi tafist.

Endurbygging skúrs við Vertshús í Flatey

Lagt var fram til kynningar afrit af erindi Karls Gunnarssonar til Byggingarnefndar Reykhólahrepps, dags. 6. júlí 2006, þar sem óskað er eftir leyfi byggingarnefndar Reykhólahrepps til að endurbyggja skúr norðan við Vertshús í Flatey.

Fundi var slitið kl. 22:00.

Næsti fundur ákveðinn síðar.